



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Dómsmálaráðherra,
Guðrún Hafsteinsdóttir
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2024

Efni: Vegna biðtíma hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Með það að markmiði að varpa ljósi á raunverulega stöðu barna hefur umboðsmaður barna, frá því í desember 2021, staðið fyrir reglulegri upplýsingaöflun, þar á meðal hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingarnar voru síðast birtar 26. febrúar sl. Þar kom fram að í byrjun febrúar sl. biðu 442 mál meðferðar Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu á grundvelli barnalaga og hjúskaparlaga, meðalbiðtími þessara mála var 4,5 mánuðir. Þá beið 21 mál meðferðar sem stofnað var til á grundvelli lögræðisлага. Jafnframt biðu 108 mál þar sem börn áttu í hlut og beið var sáttameðferðar hjá sýslumönnum á öllu landinu.

Börn eru ekki aðilar þessara mála í skilningi stjórn-sýslunnar, en málin varða hagsmuni þeirra. Hér er m.a. um að ræða erindi foreldra um framfærslu barna, umgengni, sambúðarslit, skilnað, skipta búsetu, forsjá eða lögheimili. Við meðferð slíkra mála kann að reyna á sáttameðferð, ráðgjöf og fleiri úrræði samkvæmt barnalögum. Þá eru einnig meðhöndluð mál sem varða hagsmuni barna á grundvelli ættleiðingarlaga og lögræðisлага.

Til langs tíma hefur verið langur biðtími eftir afgreiðslu mála hjá fjölskyldusviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu sem varða m.a. umgengni, forsjá og lögheimili barns. Árið 2018 gerði umboðsmaður barna athugasemd við þennan langa biðtíma í erindi til dómsmálaráðherra. Þar kom fram að umboðsmaður hafi fengið fjölda ábendinga frá einstaklingum sem voru aðilar að málum sem biðu úrskurðar sýslumanns. Í erindi sínu áréttaði umboðsmaður að langur biðtími geti valdið þeim börnum sem í hlut eiga mikilli vanlíðan og kvíða en einnig geti það orðið til þess að ágreiningur milli foreldra vaxi og málin verði þannig erfiðari úrlausnar þegar þau koma

loks til meðferðar. Í erindi sínu skoraði umboðsmaður barna á dómsmálaráðherra að grípa til tafarlausra aðgerða í því skyni að stytta þann langa biðtíma sem hafði myndast hjá fjölskyldusviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og setja þannig hagsmuni barna í forgang. Árið 2021 náðist góður árangur í að ná niður biðtíma og í desember það ár biðu aðeins 26 mál meðferðar sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu á grundvelli barna- og hjúskaparlaga. Sá árangur var aðeins tímabundinn og í september 2022 biðu 244 mál.

Í lokaathugasemdum barnaréttarnefndarinnar til Íslands vegna 5. og 6. skýrslu Íslands um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 2022 kom fram að nefndin hafi áhyggjur af því að langir biðlistar séu eftir ýmissi þjónustu sem tefji aðgang að viðhlítandi stuðningi. Nefndin lýsti sérstaklega yfir áhyggjum af löngum biðtíma að því er varðar meðferð skilnaðar- og forsjármála. Í lokaathugasemdunum mælist nefndin til þess að Ísland tryggi að forsjármál og önnur fjölskyldumál fái skjóta meðferð, m.a. með því að auka fjölda starfsmanna sem hafa fengið faglega starfsþjálfun og tryggi að bæði foreldrar og börn fái nægilega ráðgjöf og annan stuðning.

Í ljósi framangreinds óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um það með hvaða hætti ráðherra hafi í hyggju að bregðast við þessari stöðu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna